

36 antjeð álit dýralækningaráðsins um, að heppilegt sje að tóbak það, sem ætlað er
28. febr. til fjárbaðana, sje innflutt sem tóbakslögur, sumpart með því að birta brjef
þetta í B-deild Stjórnartíðindanna, sumpart á annan þann hátt, er yður þykir
bezt við eiga.

37 **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Sudurmúlasýslu, um skilning á 9. gr. laga 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja** — Í brjefi, dagsettu 16 f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, beiðzt leiðbeiningar minnar um það, hvort sá skilningur yðar á 9. gr., sbr. 2. gr. í lögum nr. 26 frá 11. nóvember 1899 um verzlun og veiting áfengra drykkja sje eigi rjettur, »að ef einhver kaupmaður, sem hefir rjett til að selja áfenga drykki, er lögin öðlast gildi, hættir fyrsta árið (1900) samkvæmt tilkynningu, verði hann, ef hann síðar meir vill byrja á ný á áfengissölu á sama stað, að sækja um leyfi fyrir 5 ár, eins og nýr kaupmaður«.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að eptir minni skoðun verður hver sá, er rjett hafði 1. janúar 1900 til þess að verzla með eða veita áfenga drykki, og vill, samkvæmt 9. gr. nefndra laga, leysa sig undan gjöldum þeim, er ákveðin eru í 1. og 6. gr., að gefa lögreglustjóra yfirlýsingu um það, að hann afsali sjer, ekki einungis um stund, heldur *fyrir fullt og allt*, rjetti sinum til verzlunar eða veitingar áfengra drykkja. Þaraf leiðir, að sá, sem einu sinni hefir afsalað sjer umræddum vinsölurjetti eða vínveitingarjetti, verður, ef hann vill öðlast þann rjett af nýju, að afla sjer leyfisbrjefs á þann hátt, er segir fyrir um í 2. og 7. gr. laganna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar, um leið og þess er getið, að yfirlýsing sú frá kaupmanni Friðrik Möller, sem fylgdi áður nefndu brjefi yðar og hjermed endursendist, er ófullnægjandi.

38 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-**
5. marz **amtinu um sveitfesti þurfalings** — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmaður, dagsetts 26. f. m., snertandi áfrýjun fátækra stjórnarinnar í Biskupstungnahreppi í Arnessýslu til mín á úrskurði yðar, dagsettu 24. apríl f. á, um styrk veittan bóndanum Þórði Magnússyni í Auðsholti af nefndri fátækra stjórn í marz 1898, skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg fellst á ástæður þær, er á þeim er byggður úrskurður yðar, skal hann standa óraskaður.